

Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Með orðsendingu þessari er vakin athygli á breyttu greiðslutímabili staðgreiðslu af fjármagnstekjum fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2009.

Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmonnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milli-göngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Skiladagur - skilastaðir - vanskil

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum 1. janúar - 30. júní er 20. júlí 2009 en **eindagi 4. ágúst. Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga** og gildir þá einu hvort staðgreiðsla af arði eða vaxtatekjum hafi verið innheimt eður ei.

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein innan tilskilinna tímamarka **skal skattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð.**

Skila skal staðgreiðslu af fjármagnstekjum með því að fylla út og greiða meðfylgjandi gíróseðil.

Greiðslu er unnt að inna af hendi í öllum bönkum og sparisjóðum eða hjá innheimtumanni ríkissjóðs.

Ef ekki er greitt í síðasta lagi á eindaga reiknast álag vegna vanskila. Það er 1% á dag fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en 10% og til viðbótar ígildi dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir eindaga.

Prískipt einrit

Skilagreinin (gíróseðill) skiptist í þrjá hluta, eintak skattstjóra, eintak greiðanda og eintak gjaldkera.

Eintak skattstjóra er hin formlega skilaskýrsla sem staðfesta þarf með undirritun. Sé ósamræmi milli eintaks skattstjóra og eintaks greiðanda gildir því eintak skattstjóra.

Eintak greiðanda er afrit hans og á að vera samhljóða eintaki skattstjóra. Þar sem það er ekki lengur sjálfkalkerandi afrit af eintaki skattstjóra er bent á að ljósrít af eintaki skattstjóra er tryggara afrit. Á eintak gjaldkera skal færa fjárhæð úr reitnum: **Samtals.**

Útfylling skilagreinar (gíróseðils)

Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; annars vegar staðgreiðsla af arði og hins vegar staðgreiðsla af vöxtum. Auk þess skal ávallt fylla út samtölureitinn í efstu línunni.

Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á tímabilinu, skal gera grein fyrir því með því að setja núll í fjárhæðareitina en X í þar til gerða reiti fyrir neðan.

EKKI er hægt að nota seðilinn fyrir annað en skil á staðgreiðslu af fjármagnstekjum fyrir það greiðslutímabil sem á hann er áritað.

Næsti skiladagur

Af fjármagnstekjum sem til falla eftir 1. júlí ber að halda eftir 15% staðgreiðslu sem skila á ársfjórðungslega. Næsti gjalddagi er 20. október vegna tekna á ársfjórðungnum júlí-september.

Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs og vaxtatekna á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2009 skal skila núllskýrslu til skattstjóra.

Nánari upplýsingar veitir skattasvið ríkisskattstjóra í síma 563-1100 og skattstjórar um land allt.